



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva

Reykjavík, 10. mars 2025

SFS25030058

TILLAGA

Tillaga áheyrnarfulltrúa framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva um húsnæði fyrir félagsmiðstöðina 111

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva í Reykjavík óskar eftir því að félagsmiðstöðinni 111 í Breiðholti verði fundið húsnæði sem fyrst. Félagsmiðstöðin þurfti að fara út úr húsnæði sínu vegna rakaskemmda og er ekki komin með aðstöðu. Áriðandi er að tryggja félagsmiðstöðinni aðstöðu sem fyrst til að halda úti opnunum í viðeigandi húsnæði sem samræmist starfi félagsmiðstöðva. Ástand í málefnum unglunga hefur verið viðkvæmt og því mikilvægt að unglingar úr Hólabrekkuskóla og Fellaskóla geti sótt félagsmiðstöð í hverfinu þar sem fram fer faglegt frístundastarf í öruggu umhverfi. Áheyrnarfulltrúi leggur til að starfsfólk Reykjavíkurborgar þvert á svið ásamt kjörnum fulltúrum leggist öll á eitt við að finna félagsmiðstöðinni 111 rými til lengri tíma.



Reykjavík